

Lestrarátak í Dalabyggð sumarið 2022

- vegna erindis frá Stefaníu Björg Jónsdóttur

Erindi barst 5. júní 2022 varðandi lestrarátak sumarið 2022. Markmið með lestrarátaki yfir sumartímann er að hvert barn lesi í sumar, viðhaldi leshraða, lesskilningi og njóti lestursins. Lestur ýtir undir betri og fjölbreyttari orðaforða, styður við þroska barna og eykur þekkingu þeirra á svo margan hátt.

Skólar og bókasöfn standa reglulega fyrir lestrarátaki en yfir sumartímann er hætt við að lestur detti niður eða gleymist í fríi og ferðalögum. Því er lagt til að sveitarfélagið Dalabyggð leggi sitt af mörkum með lestrarátaki í samstarfi við Héraðsbókasafn Dalasýslu.

Um er að ræða bókabingó í þremur aldursflokkum, þ.e. 5-7 ára, 8-9 ára og 10-12 ára.

Útbúin eru þrjú bingóspjöld sem miða að lestrargetu og færni.

Á spjaldi 5-7 ára eru 12 reitir (3x4), á spjaldi 8-9 ára eru 16 reitir (4x4) og á spjaldi 10-12 ára eru 20 reitir (4x5).

Hver reitur lýsir aðstæðum eða athöfn sem skal framkvæma á meðan lestri stendur. Þegar viðkomandi reit er lokið er merkt við hann. T.d. að lesa með derhúfu á höfðinu, lesa undir sæng eða lesa úti í náttúrunni.

Aftan á hverju spjaldi er beðið um tímabil sem bók er lesin á, titil bókar og nafn höfundar og hve margar blaðsíður bókin er. Þar verður hægt að fylla inn allar bækur sem lesnar eru yfir tímabilið.

Þá eru mismunandi viðmið fyrir hvern aldursflokk, þ.e. 5-7 ára lesa 1-3 bls. í samræmi við reitinn, 8-9 ára lesa 2-5 bls. og 10-12 ára lesa 4-8 bls.



BÓKABINGÓ SUMARIÐ 2022 5-7 ÁRA

Héraðsbókasafn Dalasýslu stendur fyrir bókabingó í sumar. Þátttakendur lesa bækur í samræmi við hvern reit á bingóspjaldinu, merkja við og skila inn útfylltu spjaldi á bókasafnið 18. ágúst nk. milli kl. 13:30 – 17:00 og fá að launum glaðning fyrir þátttökuna í sumar.
Þegar verið er að lesa er miðað við að lesnar séu að lágmarki 1-3 blaðsíður við þær aðstæður sem reiturinn gefur til kynna.

Nafn barns: _____

 LESA Í BÍL	 LESA MED VASALIÓS	 LESA Í NÁTTFÓTUM
 LESA MED DERHÚFU	 LESA ÚTI	 LESA Á LEIKVELLI
 LESA MED SÓGLERAUGU	 LESA MED BANGSA	 LESA MEIRA EN SÍÐAST
 LESA UNDIR SÆNG	 LESA FYRIR EINHVERN SEM ER ELÐRI EN 60 ÁRA	 LESA MEDAN ÞÚ BORDAR

Bók lesin á tímabilinu:

Heiti bókar og höfundur:

Blaðsíðufjöldi:

Þann 18. ágúst nk. skila börnin inn bingóspjaldinu sínu og fá að launum lítinn glaðning fyrir þátttökuna ásamt viðurkenningarskjali fyrir að hafa lokið við bingóið.

Kostnaður við verkefnið fellst í þeim glaðningi sem gefinn verður í lokin. Tillaga er um að gefnar verði þrautbækur sem valdar eru með viðeigandi aldur í huga. Hjá Forlaginu eru slíkar bækur á bilinu 1.200 – 2.500 kr.- (fer eftir aldri).

Í Auðarskóla eru ca. 55-60 nemendur á þessum aldri.

Fjöldi	Kostnaður pr. stk. (meðalt.)	Alls
55	2.000 kr.-	110.000 kr.-
60	2.000 kr.-	120.000 kr.-

Ef allir nemendur á aldrinum 5-12 ára taka þátt og skila inn spjaldinu sínu er kostnaður á bilinu 110-120.000 kr.-

Til að hafa fjölda á hreinu væri hægt að annað hvort biðja foreldra um að sækja spjöldin á Héraðsbókasafn Dalasýslu fyrir sumarlokun (síðasti opnunardagur 23. júní) eða biðja foreldra um að skrá börn sín í þar til gert form á netinu um leið og bingóspjald er sótt til útprentunar. Með því að hafa einhverskonar skráningu verður fjöldi barna sem taka þátt á hreinu og þá er hægt að panta glaðning í samræmi við þann fjölda og aldur barna.